



JAFNRÉTTISSJÓÐUR

## Kyn og fræði

### Ný þekking verður til

Jafnréttissjóður boðar til morgunverðarmálþings á Grand hótél Reykjavík við Sigtún föstudaginn 24. október næstkomandi. Niðurstöður rannsóknaverkefna sem sjóðurinn styrkti á liðnum árum verða kynntar og styrkir Jafnréttissjóðs árið 2014 afhentir.

Morgunverður er til reiðu frá kl. 8:00 en dagskrá hefst kl. 8:15 og lýkur kl. 10:00

#### Dagskrá:

- Ávarp forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.
- Kynbundin verkaskipting 2013. Kolbeinn Stefánsson, sérfræðingur við Hagstofu Íslands og Þóra Kristín Þórsdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.
- Karlavæðing kvennabaráttunnar? Um karla í jafnréttisbaráttu. Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands.
- Viðhorf unglinga til jafnréttis og verkaskiptingar kynjanna. Andrea Hjálmsdóttir, lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.
- Kynbundinn launamunur háskólamenntaðra ári eftir útskrift. Andrea G. Dofradóttir, verkefnisstjóri við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rósa G. Erlingsdóttir, formaður Jafnréttissjóðs, gerir grein fyrir vali á styrkþegum Jafnréttissjóðs 2014.

Fundarstjóri er Hildur Jónsdóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu.

Morgunverður er í boði Jafnréttissjóðs og aðgangur er öllum opinn.

Jafnréttissjóður er rannsóknarsjóður á vegum forsætisráðuneytisins. Styrkir Jafnréttissjóðs eru veittir einu sinni á ári og fer úthlutun þeirra fram á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október.

Tilgangur sjóðsins er að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis. Styrkir Jafnréttissjóðs skulu að meginstefnu veittir til rannsókna á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði en einnig á öðrum sviðum samfélagsins